

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2004

frá 24. september 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfse mi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/127/EB frá 23. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/37/EB um skráningarskjöl fyrir ökutæki ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24c (tilskipun ráðsins 1999/37/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0127**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/127/EB frá 23. desember 2003 (Stjtíð. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/127/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 29.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann